

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 23

Bátaskrá

Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka



Helgi Máni Sigurðsson

2019

Inngangur

Bátar og skip í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru sex talsins. Merkast þeirra er án efa áraskipið Farsæll sem smíðað var árið 1915 og safnhúsið var byggt utan um á árunum 1969-1970. Tveir minni bátar bættust við safnkostinn árið 1984, ferjubátur frá Þjórsárholti og selabátur frá Fljótshólum.

Fram undir aldmótin 2000 var Sjóminjasafnið starfrækt sem sjálfstætt safn. Þá gerðist það að Byggðasafn Árnesinga var flutt til Eyrarbakka, í næsta nágrenni við Sjóminjasafnið, og í framhaldi af því var gerður þjónustusamningur milli þeirra og eru söfnin nú rekin af sama aðila.

Frá árinu 1998 hafa bæst við þrjú bátar, selabátur frá Eyrarbakka, skjögtari¹ (snúningabátur) frá Eyrarbakka og vélbátur frá Gamla-Hrauni. Sá síðastnefndi er nýkominn. Þetta eru nokkuð margir bátar í stærsta landbúnaðarhéraði landsins en sýnir hve þessar tvær atvinnugreinar, landbúnaður og fiskveiðar, voru samtvinnaðar allstaðar á landinu. Fimm af bátunum voru í eigu bænda.

Efnisyfirlit

Áraskipið Farsæll	3
Ferja frá Þjórsárholti	9
Selabátur frá Fljótshólum	12
Selabátur frá Eyrarbakka	15
Skjögtari	18
Vélbátur frá Gamla-Hrauni	22
Viðauki: Steinn Guðmundsson og útgerð árabáta í Árnessýslu	27

¹ Samkvæmt snara.is merkir skjögt m.a. snúninga eða snatt; orðið skjögtari er notað yfir fremur lélegan reiðhest; bátar eru ekki nefndir en merkingin er sjálfsagt sú sama, þ.e. fleyta sem ekki þótt til stórræða.



Farsæll á sýningu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, 2017. Ljósmynd: HMS

Áraskipið Farsæll

1. Safnnúmer: SE/1984-1

2. Tegund: Árabátur; tólfæringur eða tólfróinn teinæringur; vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka og/eða Þjóðminjasafnið

5. Fyrri eigendur:

- 1915: Pál Grímsson frá Nesi í Selvogi. Vel má vera að fleiri hafi átt hann með honum.
- 1915-1935: Litlar heimildir eru um hverjir áttu bátinn meðan hann var í notkun.
- 1939: Farsæll er keyptur til væntanlegs Sjóminjasafns Íslands. Kaupandinn var sennilega Sjómannadagsráð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sem á þeim tíma setti upp sjóminjasýningu og hóf söfnun sjóminja vegna þess að Þjóðminjasafnið átti mjög lítið af þeim. Gert var við bátinn en hann geymdur áfram úti og sennilega fór lítið fyrir viðhaldi. Sjómannadagsráð stofnaði aldrei safn.²
- Um 1950: Sjómannadagsráð afhenti Þjóðminjasafninu sjóminjarnar, sem það hafði safnað, til varðveislu. Þjóðminjasafnið skráði ekki hvaðan þessar minjar komu³ og þess vegna eru ekki

² Siglum seglum þöndum, bls. 28; Ásgeir Jakobsson: Siglingasaga Sjómannadagsráðs

³ Upplýsingar um að Þjóðminjasafnið skráði ekki uppruna sjóminjanna koma frá Ágústi Ó. Georgssyn, munnlega.

- upplýsingar hjá því um hvernig þær komu til safnsins, m.a. Farsæll.⁴
- Samkvæmt Sarpi (upplýsingarnar í hann komu frá Sjóminjasafninu á Eyrarbakka) gaf Sigurður Guðjónsson (1903-1987) Sjóminjasafninu á Eyrarbakka bátinn. En hann átti bátinn aldrei formlega. Hann bjargaði honum hins vegar frá eyðileggingu.

6. Varðveislustaður: Á sýningu í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka



Farsæll á sýningu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, 2017. Ljósmynd: HMS

7. Smíðaár: 1915

8. **Smiður:** Steinn Guðmundsson (sem Steinslag er kennt við)

9. **Smíðastaður:** (Eyrarbakki eða Þorlákshöfn)

10. **Brúttórúmllestir:** (burðargetan er 10 tonn)

11. **Lengd, breidd og dýpt í m:** 11,84 x 2,54 x 0,84 ⁵

12. **Smíðaefni og samsetning skrokks:** Fura og eik; stökkbyggður (súðbyrtur)⁶

13. **Skrokklag:** Steinslag (kennt við smiðinn, Stein Guðmundsson) ⁷

14. **Þilför:**

15. **Yfirbygging:**

16. **Lokuð rými:**

17. **Möstur og seglabúnaður:** Hann er tvímastra og með fjögur segl

18. **Vél:** (sett í hann um 1930, tegund óþekkt)


19. **Siglingatæki og annar búnaður:** Áttaviti (í eigu Sjóminjasafnsins)

⁴ Ath. heimild um minjasöfnun Sjómannadagsráðs og afhendingu minjanna til Þjóðminjasafnsins.

⁵ Lúðvík Kristjánsson bls. 277

⁶ Lúðvík Kristjánsson bls. 277-280

⁷ Úr bréfi frá Ingu Láru Baldvinsdóttir til Sjóminjasafns Íslands 30.9. 1995



Teikning af Farsæli í Íslenskum sjávarhátum II, bls. 278-9. Teiknari: Bárður G. Tómasson 1950



Farsæll er með fjögur segl, sem sennilega voru saumuð um 1962, þegar hann var standsettur þá. Ljósmynd: HMS 2017

20. Notkunarsaga:

Farsæll var smíðaður fyrir Pál Grímsson frá Nesi í Selvogi, annálaðan formann í Þorlákshöfn. Farsæll var síðasta áraskipið sem gert var út frá Þorlákshöfn en það var á árunum 1915-1929. Með honum lauk langri sögu áraskipa sem hafði staðið yfir um aldir. Þegar hann var smíðaður var vélbátaöld gengin í garð, m.a. hafði vél fyrst verið sett í bát á Eyrarbakka árið 1912.

Í Árnessýslu voru áraskip gerð út frá nokkrum stöðum í gegnum aldirnar, m.a. Selvogi, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri og Loftstaðasandi. Útgerðin var alls staðar með líku sniði og skip, veiðarfæri og aðbúnaður sá sami. Blómatími arabátaútgerðar þar var á síðustu áratugum 19. aldar. Um 1870 voru t.a.m. gerðir út frá Eyrarbakka 19 bátar, en 69 árið 1900. Má ætla að um 300 menn hafi stundað sjósókn í verstöðinni þegar flest var. Að auki voru margir sjómenn af Eyrarbakka á vetrarvertíð frá Þorlákshöfn í lok 19. aldar og framan af 20. öld. Fyrst og fremst var gert út á þorskveiðar.⁸

Farsæll var enn róíð á vertíðinni 1929, þá undir formennsku Kristins Vigfússonar trésmíðameistara. Eftir það var sett í hann vél og hann gerður út í tvær vertíðir frá Þorlákshöfn undir formennsku Halldórs Magnússonar frá Hrauni í Ölfusi.

Árin 1934-1935 var skipið notað á Eyrarbakka sem „farþegaskip“ en svo var það nefnt þegar mönnum var safnað saman í einn og einn róður er gott var veður og von var um afla. Þannig var það gert út í einn og einn róður, undir formennsku Sigurðar A. Sveinssonar og Jóns Jakobssonar.⁹

Þegar veitt var við fast var legið við stjóra. Stjórinn var valinn steinn sem gert var á gat og á því var hanki sem stjórafærinu var hnýtt í. Fjórir slíkir eru í fjörunni við bátinn.¹⁰

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Steinn Guðmundsson

Steinn Guðmundsson (1838-1917) í Einarshöfn á Eyrarbakka, sem smíðaði Farsæll, var helsti skipasmiður Sunnlendinga á sinni tíð. Talið er að hann hafi smíðað á fjórða hundrað skipa og báta, en auk þess var hann formaður og stundaði búskap. Flest skipin smíðaði Steinn við bæ sinn, en mörg í Þorlákshöfn.

Steinslag

Steinn Guðmundsson innleiddi nýtt lag á báta sína, sem kennt er við hann og nefnt Steinslag. Sjálfur lýsti hann því svo árið 1877: „Hefi ég gefið öllum þessum skipum nýtt lag, er ég hefi uppfundið, og að minni hyggju betur hæfði, ekki einungis til gangs, en það sem áður var haft hér austanfjalls, heldur einnig til siglingar. Mér fannst það nefnilega mjög svo áriðandi að skip væru hér í brimveiðistöðvunum, hvar svo mjög er örðugt að komast út og að, svo löguð, að þau gætu gengið sem hraðast um sjóinn bæði til þess fljótt að leita fisksins og þegar á þarf að halda sem oft ber, því hér brimar margoft mjög snögglega, sem fljótast aftur til landsins.“¹¹

⁸ Inga Lára Baldvinsdóttir, texti á sýningu sjóminjasafnsins

⁹ Úr bréfi frá Ingu Lára Baldvinsdóttir til Sjóminjasafns Íslands 30.9. 1995

¹⁰ Inga Lára Baldvinsdóttir, texti á sýningu sjóminjasafnsins

¹¹ Inga Lára Baldvinsdóttir, texti á sýningu sjóminjasafnsins

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Eftir 1929 var sett vél í bátinn. Annarra breytinga er ekki getið.

24. Viðhald og viðgerðir:

Árið 1939 var Farsæll keyptur til væntanlegs Sjóminjasafns Íslands. Gert var við skipið 1940 en síðan stóð það úti í tvo áragtugi. Um það segir Guðni Jónsson í Stokkseyringasögu: „Það stóð í mörg ár úti á Eyrarbakka og horfði til að verða þar eyðileggingunni að bráð, enda þótt það ætti að heita í umsjá opinberra aðila.“¹²

Fyrir framtakssemi Sigurðar Guðjónssonar skipstjóra á Litlu-Háeyri var skipinu loks bjargað frá að fúna alveg niður. Hann tók það í sína vörslu og reisti skýli yfir það. Sigurður gekkst fyrir viðgerð á skipinu uppúr 1960 og annaðist Jóhannes Sigurjónsson frá Stéttum hana. Hann mun hafa verið einn af síðustu tréskipasmiðum á svæðinu og féll hann frá stuttu eftir að hann hafði lokið við Farsæl.¹³

Þjóðminjasafn Íslands er skráð eigandi skipsins en Sigurður Guðjónsson byggði yfir það sérstakt hús árið 1970 með vitund og vilja yfirvalda. Báturinn er sýndur í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka; hann er forsendan fyrir að safnhúsið var byggt.¹⁴

25. Heimildir:

- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II. Rvk. 1982
- Inga Lára Baldvinsdóttir: Bréf til Sjóminjasafns Íslands, 30.9. 1995. Bréfasafn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.
- Inga Lára Baldvinsdóttir: Textar á sýningu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka (skrifað 1988-1998)
- Sarpur menningarsögulegt gagnasafn
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Rvk. haust 1995.
- Guðni Jónsson: Stokkseyringa saga, Rvk. 1960-1961.
- Lýður Pálsson: „Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, bátar í safneign.“ September 2017. Bréfasafn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.
- Siglum seglum þöndum. Sýningarbæklingur. Rvk. 2013.
- Ásgeir Jakobsson: Siglingasaga Sjómannadagsráðs. Rvk. 1988.
- Lýður Pálsson viðtal 2017.

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Farsæll er sennilega eini vertíðarbáturinn frá árabátatímanum sem varðveist hefur í Árnassýslu. Verstöðvarnar þar voru með þeim stærstu á landinu og voru tugir báta gerðir út þaðan öldum saman.¹⁵

¹² Guðni Jónsson: Stokkseyringa saga

¹³ Lýður Pálsson viðtal 2017.

¹⁴ Úr bréfi frá Ingu Láru Baldvinsdóttir til Sjóminjasafns Íslands 30.9. 1995

¹⁵ Kanna þarf etv. betur hvað af árabátum þessa svæðis er til og frá hvaða tíma þeir eru.

Hann er einnig síðasti báturinn sem Steinn Guðmundsson (1838-1917), helsti bátasmiður síns tíma á Suðurlandi, smíðaði og sá eini sem hefur varðveist.

Farsæll var jafnframt síðasta áraskipið sem gert var út frá Þorlákshöfn. Báturinn er einnig meðal örfárra sem varðveist hafa á landinu og eru stærri en sex- eða áttæringar. Vegna stærðarinnar var hann kallaður áraskip.



Barki Farsæls. Ljós. HMS 2017.



Skutur Farsæls. Ljós. HMS 2017.



Ferja frá Þjórsárholti, 2017. Ljósmynd: HMS

Ferja frá Þjórsárholti

1. Safnnúmer: SE/1984-708
2. Tegund: Árabátur
3. Hlutverk: Ferja
4. Eigandi: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka (frá því upp úr 1970)
5. Fyrri eigendur:
 - Fyrir 1930: Óþekktur eigandi á Eyrarbakka eða Stokkseyri
 - 1930-1970: Bændur í Þjórsárholti
6. Varðveislustaður:
Mundakotsskemmi á Eyrarbakka
7. Smíðaár: Fyrir 1930
8. Smiður:
9. Skipasmíðastöð / smíðastaður:
10. Brúttórúmllestir:
11. Lengd og breidd í m: 4,85 x 1,72¹⁶
12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag: Fram- og afturstefni eru lotuð, bein.
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:

¹⁶ Sarpur.is (ferjubátur)

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Ferjubátur frá Þjórsárholti, 2017. Ljósmynd: HMS

20. Notkunarsaga:

Báturinn er frá Þjórsárholti, Árnessýslu (áður Gnúpverjahreppi). Hann mun hafa verið keyptur frá Eyrarbakka eða Stokkseyri um 1930.

Í Þjórsárholti var hann jafnan nefndur Eyjabáturinn og var aðallega notaður til flutninga á fé og heyi út í Ölmóðsey. Á síðustu árum ferjuflutninga við Þjórsárholt, um 1960-1970, var gripið til bátsins við ferjuflutninga stöku sinnum, m.a. til að halda honum í góðu ástandi.¹⁷

Nokkur vöð eru á Þjórsá og eru þau helstu Nautavað við Þjórsárholt og Hagavað við bæinn Haga. Þjórsá var fyrst brúuð árið 1895. Þjórsárholt er hins vegar talsvert norðan við hana og hefur báturinn komið að gagni lengi eftir það.¹⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátinum:

Þjórsá og eyjar í henni

Þjórsá er meðal vatnsmestu og straumhörðustu fljóta landsins og það lengsta, 230 km. Í henni eru nokkrar eyjar. Hún var aðalfarartálminn á Suðurlandi. Menn komust yfir hana á vaði á nokkrum stöðum og ennfremur með ferjum. Flutningur yfir ána gat verið mikil þrekraun og varasamt ferðalag, enda voru slystíð í þessum ferðum.¹⁹

Í Þjórsá eru fjölmargar eyjar og hólmar sem farið var í á bátum. Þær eru misstórar, og hafa verið reist hús í sumum þeirra. Nafngreindar eyjur, hólmar, sker og eyrar í Þjórsá eru á fjórða tug. Þekktust er líklegast Árnes, sem áður fyrr var raunar nes. Viðey eða Minnanúpshólmi er önnur

¹⁷ Jón Allansson bls. 48

¹⁸ Wikipedia.org 2017 (Þjórsá)

¹⁹ Guðjón Ingi Hauksson: Þjórsá brúuð fyrir 100 árum.

eyja, friðuð frá árinu 2011, og er hún viði vaxin eins og nafnið bendir til. Aðrar eyjar í Þjórsá eru meðal annars Hagaey, Ölmóðsey, Miðhúsahólmi og Traustholtshólmi rétt ofan við ósa fljótsins.²⁰

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Gert var við bátinn um 1988 af Sigurjóni Kristjánssyni í Forsæti.²¹

25. Heimildir:

- Sarpur: <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=235047>
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Rvk. haust 1995.
- Guðjón Ingi Hauksson: „Þjórsá brúuð fyrir 100 árum.“ Morgunblaðið 2. des. 1995.
- Lýður Pálsson: „Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, bátar í safneign.“ September 2017. Bréfasafn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.
- verndumthjorsa.is
- wikipedia.org
- jonas.is: Þjórsárholt 23.10. 2017

26. Varðveislustaða: Safngripur. Aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Báturinn var notaður sem eyjabátur á Þjórsá. Einnig var hann stundum notaður sem ferja yfir hana. Ferjur á Þjórsá voru nokkrar talsins á hverjum tíma, allt frá því land byggðist. Þessi notkun segir áhugaverða sögu. Lítið er hins vegar vitað um uppruna bátsins.

Lýsing í Sarpi:

Trébatúur með sjö böndum fyrir tvær árar. Járngjörð undir, notaður til að ferja fólk. Svartur á litinn. Ferjubátur frá Þjórsárholti.



Ferja frá Þjórsárholti á sýningu Sjóminjasafnsins. Ljósmynd: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

²⁰ verndumthjorsa.is

²¹ Jón Allansson bls. 48



Selabátur frá Fljótshólum, 2017. Ljós.: HMS

Selabátur frá Fljótshólum

- 1. Safnnúmer:** SE/1984-707
- 2. Tegund:** Árabátur; tveggja manna far
- 3. Hlutverk:** Veiðibátur
- 4. Eigandi:** Sjóminjasafnið á Eyrarbakka
- 5. Fyrri eigendur:**
- Ábúendur á Fljótshólum (?)
- 6. Varðveislustaður:** Mundakotsskemma á Eyrarbakka
- 7. Smíðaár:** 1938
- 8. Smiður:** Jóhannes Sigurjónsson skipasmiður frá Stéttum ²²
- 9. Smíðastaður:**
- 10. Brúttórúmllestir:**
- 11. Lengd og breidd í m:** 4,2 x 1,57
- 12. Smíðaefni og samsetning skrokks:** Tré og járn; súðbyrtur
- 13. Skrokklag:**
Afturstefni er lotað, beint, örlítið sneitt aftan af því. (Framendinn sést ekki vel undir öðrum bát).
- 14. Þilför:**
- 15. Yfirbygging:**
- 16. Lokuð rými:**
- 17. Möstur og seglabúnaður:** Upphaflega voru segl á honum
- 18. Vél:** 1958 var sett í hann vél

²² Jón Allansson bls. 49

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

"Hann er smíðaður um 1938 af Jóhannesi Sigurjónssyni skipasmið frá Stéttum, sem bjó á Breiðabóli á Eyrarbakka. Jóhannes var af skipasmiðum kominn, því bæði faðir hans og afi störfuðu við þá iðn. Báturinn var notaður við selveiðar í Þjórsá fram til 1960. Upphaflega voru segl á bátnum. Árið 1958 var sett í hann vél og var þá settur smá gafl á afturstefni. Ólafur Gunnarsson á Baugsstöðum sá um viðgerðina og annaðist viðhald bátsins alla tíð. Safnið eignaðist bátinn uppúr 1970 og var Sigurður (Guðjónsson) að sögn áhugasamur að fá hann vegna þess að hann var smíðaður af Jóhannesi. Sigurjón Kristjánsson gerði við bátinn um 1988."²³

Kemur frá Fljótshólum 1, Flóa, Árnessýslu. Bærinn er við ósa Þjórsár. Var notaður til selveiða við suðurströndina og í Þjórsá fram til 1960.



Framstefni selabáts frá Fljótshólum, 2017. Ljós.: HMS

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Jóhannes Sigurjónsson skipasmiður

Jóhannes bjó í húsinu Breiðabóli á Eyrarbakka. Hann var af skipasmiðum kominn, bæði faðir hans og afi stunduðu þá iðn. Jóhannes smíðaði báta í skemmumni við hús sitt. Bátinn Björgvin smíðaði hann og varð síðan formaður á bátnum, á fjölda vertíða, er róíð var frá Stokkseyri.²⁴

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Árið 1958 var sett í hann vél og var þá settur smá gafl á afturstefni. Ólafur Gunnarsson á Baugsstöðum sá um breytinguna.

24. Viðhald og viðgerðir:

²³ Úr bréfi Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka til Sjóminjasafns Íslands 30. september 1995.

²⁴ Jón Allansson s. 49; <http://www.dfs.is/2017/07/23/hus-med-sogu/>

Ólafur Gunnarsson á Baugsstöðum sá um viðhald bátsins alla tíð meðan hann var í notkun. Um 1988 gerði Sigurjón Kristjánsson við bátinn sem þá var í eigu safnsins.²⁵

25. Heimildir:

- Bréf Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka til Sjóminjasafns Íslands 30. september 1995. Bréfasafn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.
- Sarpur, menningarsögulegt gagnasafn; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=234975>
- Lýður Pálsson: „Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, bátar í safneign.“ September 2017. Bréfasafn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Rvk. haust 1995.
- www.floahreppur.is
- <http://www.dfs.is/2017/07/23/hus-med-sogu/>

26. Varðveislustaða: Safngripur. Aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:



Botn selabáts frá Fljótshólum, 2017. Ljós.: HMS

Lýsing í Sarpi

Trébátur með sex böndum fyrir tvær árar. Járngjörð er á kilinum, járnbönd eru að aftan. Svartur að lit. Selabátur frá Fljótshólum í Gaulverjabæjarhreppi.

²⁵ Jón Allansson bls. 49



Selabátur frá Eyrarbakka, 2017. Ljósma.: HMS

Selabátur frá Eyrarbakka

1. Safnnúmer: 2002-3
2. Tegund: Árabátur
3. Hlutverk: Snúningabátur (skjöktari); veiðibátur; selabátur
4. Eigandi: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka (frá 2002)
5. Fyrri eigendur:
 - Fyrsti eigandi. Sigurður Jónatan Guðmundsson á Sólbakka, Eyrarbakka
 - 1962-3: Magnús Magnússon í Laufási, Eyrarbakka
 - 1984: Bjarnfinnur Ragnar Jónsson (f. 1942) og Guðmundur Sæmundsson (f. 1943)
6. Varðveislustaður: Mundakotsskemma á Eyrarbakka.

7. Smíðaár: 1957
8. Smiður: Ólafur Ástgeirsson
9. Smíðastaður: Vestmannaeyjar
10. Brúttórúmllestir:
11. Lengd í m: 6,6
12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag: Með bogið framstefni og afturstefni.
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:
18. Vél:
19. Siglingatæki og annar búnaður:



Selabátur frá Eyrarbakka, 2017. Ljós.: HMS

20. Notkunarsaga:

Báturinn var smíðaður í Vestmannaeyjum af þekktum bátasmið sem hét Ólafur Ástgeirsson (1892-1966) og bjó í Litlabæ. Er smíðaður 1957. Hann var keyptur af Sigurði Jónatan Guðmundssyni á Sólbakka á Eyrarbakka. Var notaður í Þorlákshöfn í snúningum. Síðan var hann notaður á Eyrarbakka af Sigurði sem snúningabátur (skjöktari). Árið 1962-3 seldi Sigurður bátinn til Magnúsar Magnússonar í Laufási á Eyrarbakka. Magnús var með hann í laxveiðinni í Óseyrarnesi. Árið 1984 tóku Guðmundur Sæmundsson og Bjarnfinnur Ragnar Jónsson við laxveiðinni af Magnúsi og kaupa bátinn. Hann var notaður við laxveiðar til 1996 þegar laxveiði í Óseyrarnesi var hætt. Gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka árið 2002. (Orðrétt úr Sarpi)

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátinum:

Magnús Magnússon í Laufási
Sjá pistil um hann á bls. 18

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimild:

- sarpur.is
- Lýður Pálsson: „Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, bátar í safneign.“ September 2017. Bréfasafn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.
- Afmæliskeðjur. Ægir 1979, 2. tbl. s. 110

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn virðist ekki í sérlega góðu ástandi.



Selabátur frá Eyrarbakka, 2017. Ljósma.: HMS



Skjöttari frá Eyrarbakka, 2017. Ljós.: HMS

Skjöttari frá Eyrarbakka

1. Safnúmer: 2002-4

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk: Veiðibátur; snattbátur ²⁶

4. Eigandi: Sjóminjasafnið á Eyrarbakka (kom á safnið 2002)

5. Fyrri eigendur:

- Þorgrímur í Réttinni (lét smíða bátinn)
- Jóhann Bjarnason
- Síðast í eigu Magnúsar Magnússonar í Laufási, Eyrarbakka.
- 1958: Sæmundur Þorláksson frá Hrauni í Ölfusi og Magnús Magnússon í Laufási
- 1983-4: Guðmundur Sæmundsson og Bjarnfinnur Ragnar Jónsson

6. Varðveislustaður: Mundakotsskemma á Eyrarbakka.

7. Smíðaár: 1919-1920

8. Smiður: Feðgarnir Sigurjón Jóhannesson og Jóhannes Sigurjónsson

9. Smíðastaður: Stéttir í Hraunshverfi veturinn 1919 og 1920

²⁶ Samkvæmt Íslenskrri orðabók, snara.is, merkir orðið skjött snúninga eða snatt. Skjögthestur er frekar lakur reiðhestur sem hentar aðallega í snúninga eða snatt. Sú merking er sennilega færð yfir á bátinn.

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd í m: 4,8

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

Framstefni er lotað, beint, afturstefi er einnig lotað. Hann virðist grunnsigldur og léttur undir árum.

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Horft ofan í barka skjögtarans, 2017. Ljós.: HMS

20. Notkunarsaga:

Að sögn Gísla Sigurðssonar á Hópi þá var báturinn smíðaður á Stéttum í Hraunshverfi veturinn 1919 og 1920 af feðgunum Sigurjóni Jóhannessyni og Jóhannesi Sigurjónssyni. Þorgrímur í Réttinni, afi hans, lét smíða þennan bát. Hann notaði bátinn á vorin aðallega í þyrskling. Jóhann Bjarnason keypti bátinn af Þorgrími og var með hann sem snúningabát fyrir vélbátinn Gunnar sem var 11-12 tonna bátur, gerður út frá Eyrarbakka.

Þessi bátur var notaður í flutningum milli legu og fjöru. Þetta voru „skjöktarar“ sem kallaðir voru og bátarnir bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka og líka í Þorlákshöfn voru á legufærum áður en hægt var að hafa bátana við bryggjur og svo voru þeir bara bundnir við þessi legufæri þegar róíð var. Þessir bátar fluttu sjómennina um borð.

Árið 1958 keyptu Sæmundur Þorláksson frá Hrauni í Ölfusi og Magnús Magnússon í Laufási bátinn af bræðrunum Bjarna og Jóhanni Jóhannssonum og hann var notaður eftir það við selveiðar og síðar laxveiðar í Ölfusá. Guðmundur Sæmundsson var með þeim síðustu árin. Sæmundur og Magnús hættu 1983 eða 1984.

Guðmundur Sæmundsson og Bjarnfinnur Ragnar Jónsson voru síðan með bátinn í laxveiðinni til 1996 en Guðmundur var með veiðina einn síðast. Þeir Guðmundur og Bjarnfinnur Ragnar gáfu Sjóminjasafninu á Eyrarbakka bátinn árið 2002. (Orðrétt úr Sarpi).

Báturinn er frá Eyrarbakka og var notaður við veiðar í Ölfusárósum. Hann var síðast í eigu Magnúsar Magnússonar í Laufási, sem stundaði mest laxveiði í og við árósana.²⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:



Magnús Magnússon í Laufási (f. 1909)

Magnús var framámaður um marga hluti. Hann stofnaði útgerðarfélagið Óðin, lét smíða mótorbát sem hann síðan gerði út, rak vikurgerð, kom að stofnun Hraðfrystihúss Eyrarbakka, stundaði kartöflurækt og laxveiði við Ölvusárósa um langt árabil. Skjögtarinn kom við sögu laxveiðinnar en einnig annarra verka sem Magnús tók þátt í.²⁸

22. Ástand báts: Nokkuð gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Hann lítur út fyrir að vera upprunalegur.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sarpur
- Lýður Pálsson: „Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, bátar í safneign.“ September 2017. Bréfasafn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.
- Afmælikveðjur. Ægir 1979, 2. tbl. s. 110

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Skjögtarar gegndu mikilvægu hlutverki á Stokkseyri og Eyrarbakka um langt skeið vegna grynninga í höfninni.

²⁷ Ægir 1979 bls. 110

²⁸ Ægir 1979 bls. 110



Framhluti skjöttarans frá Eyrarbakka, 2017. Ljós.: HMS



Skjöttarinn með siglu, segli og árum af ýmsum bátum, 2017. Ljós.: HMS



Vélbátur frá Gamla-Hrauni. Ljósmynd. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Vélbátur frá Gamla-Hrauni

1. **Safnnúmer:** 2009-53
2. **Tegund:** Vélbátur; trilla
3. **Hlutverk:** Veiðibátur
4. **Eigandi:** Sjóminjasafnið á Eyrarbakka (síðan 2009)
5. **Fyrri eigandi:**
 - Helgi Þorvaldsson (1921-2008) bóndi á Gamla-Hrauni 2, Eyrarbakka, sem einnig er skráður gefandi
6. **Varðveislustaður:** Mundakotsskemma á Eyrarbakka
7. **Smíðaár:** 1948
8. **Smiður:** Helgi Þorvaldsson á Gamla-Hrauni 2 (1921-2008)
9. **Smíðastaður:** Gamla-Hraun, Eyrarbakka
10. **Brúttórúmlestir:**
11. **Lengd í m:** 5,6
12. **Smíðaefni og samsetning skrokks:** Viður; súðbyrtur
13. **Skrokklag:**

Framstefni er lotað, beint að ofanverðu, afturstefnið nær aftur fyrir skrúfunu, sennilega til að verja hana í lendingu; báturinn er nokkuð djúpristur.
14. **Pilför:**

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými: Vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Handsnúin

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Vélbátur frá Gamla-Hrauni, 2017. Efstu borðin, sem ekki eru hvít, eru viðbætur. Í bátnum miðjum er kassinn utan um vélina. Vélin er í tveimur hlutum á gólfinu undir bátnum. Ljós.: HMS

20. Notkunarsaga:

Mótorbátur Helga Þorvaldssonar bónda á Gamla-Hrauni, „Úr dánarbúi Helga Þorvaldssonar á Gamla-Hrauni barst safninu opin mótorbátur sem hann smíðaði sjálfur.“ (Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2009)

Í viðtali Guðna Einarssonar blaðamanns við Helga í Morgunblaðinu 8. apríl 2004 segir: „Trilla sem hann smíðaði fyrir sjálfan sig hvílist úti í skúr á Gamla-Hrauni, að sögn Helga, full af drasli. En hvar lærði Helgi bátasmíðina?

„Ég fylgdist með gömlum manni, Sigurjóni Jóhannessyni, sem smíðaði báta hér á hlaðinu. Ég lærði af honum og sjálfum mér að smíða bátana. Hann átti hér tvo syni, annan á Bakkanum og

hinn á Stokkseyri. Þeir voru báðir við bátasmíðar og smíðuðu uppskipunarbáta fyrir Kaupfélag Árnesinga og Vesturbúðina, sem var dönsk verslun.“

Bátur sem Helgi smíðaði sér 1948 var knúinn handsnúinni vél. Helgi sat um borð og sneri sveif og hver snúningur sneri skrúfunni níu hringi. Þessi útbúnaður skilaði bátnum jafn hratt og ef honum var róið. „Ég fór á bátnum hér út fyrir brimgarðinn á þyrskling. Dorgaði með annarri hendi og andæfði á sveifinni með hinni,“ segir Helgi.

Gefandi er dánarbú Helga Þorvaldssonar. Gunnar Ingi Olsen var milligöngumaður en Haukur Jónsson og Jóhann Jóhannsson aðstoðuðu við að færa gripinn á safnið. (Orðrétt úr Sarpi)

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Um Gamla-Hraun:

Austasta jörð í Eyrarbakkaheppi er *Hraun (1)*, sem er landnámsjörð og elsta jörðin í hreppnum, sú jörð hét til forna *Framnes*. Í Hraunslandi voru löngum mörg býli og tómhús og hefur það því jafnan um langan tíma verið kallað Hraunshverfi. Nú eru aðeins tvö þessara býla byggð, *Gamla-Hraun* og Borg. Gamla-Hraun, sem er á sjávarbakkanum, var á sínum tíma hjáleiga frá aðalbýlinu og vart talið byggilegt.²⁹



Helgi Þorvaldsson

Helgi Þorvaldsson (14.6. 1921 – 1.2. 2008), smíður og eigandi bátsins, bjó með foreldrum sínum frá 1930 á Gamla-Hrauni á Eyrarbakka og áfram eftir lát þeirra til dauðadags. Sagt er frá honum í minningargrein á þessa leið:

„Helgi var hagleiksmaður mikill og ófá klukkuverkin, sjónaukarnir og vélarnar sem hann gerði við fyrir sveitunga sína. Hann útbjó meira að segja sjálfur eigin rafmagnsgirðingu til þess að halda kúnum innan nýgresis en bar fyrst kúahland á túnið til að auka sprettuna. Helgi naut nærverunnar við sjóinn og brimið við Eyrarbakka, án síma eða sjónvarps og lét sig dreyma um að gera upp súðbyrtan bát sem hann átti í bátaskýlinu, og dyttaði að yfir vetrartímamann. Ekki er undirrituðum kunnugt um hvort báturinn fór á flot. En sjóvarnargarðurinn við bæinn rofnaði stundum í miklum óveðrum á veturna svo að flæddi inn á bæjartúnin og Helgi gerði við sjálfur. Návistin ein við þessi stórbrotu náttúruöfl nægileg áminning til þess að halda sig á þurru landi fósturjarðarinnar.“³⁰

²⁹ Hraun. eyrarbakki.is 24.10. 2017

³⁰ Páll Björgvinsson: Minningargrein.

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki - breytingasaga:

Helgi smíðaði nýjan borðstokk og gerði bátinn borðhærri, á einhverjum tíma.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sarpur
- Lýður Pálsson: „Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, bátar í safneign.“ September 2017. Bréfasafn Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.
- Páll Björgvinsson: „Helgi Þorvaldsson.“ Minningargrein. Morgunblaðið 9. mars 2008
- „Hraun.“ eyrarbakki.is 24.10. 2017

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn er etv. ekki mjög forvitnilegur.



Vélbátur frá Gamla-Hrauni, 2017. Botngrindur eru ekki á sínum stað. Eitthvað af því sem er í bátinum tilheyrir honum ekki. Ljós.: HMS



Vélin úr bátnum frá Gamla-Hrauni, 2017. Ljósni.: HMS

Viðauki

Steinn Guðmundsson og útgerð áraskipa í Árnessýslu

Eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur (sýningartextar)



Steinn Guðmundsson (1838-1917)

Steinn Guðmundsson í Einarshöfn á Eyrarbakka var helsti skipasmiður Sunnlendinga á sinni tíð. Talið er að hann hafi smíðað á fjórða hundrað skipa og báta, en auk þess var hann formaður og stundaði búskap. Flest skipin smíðaði Steinn við bæ sinn, en mörg í Þorlákshöfn.

Steinn innleiddi nýtt lag á báta sína, sem kennt er við hann og nefnt Steinslag. Sjálfur lýsti hann því svo árið 1877:

„Hefi ég gefið öllum þessum skipum nýtt lag, er ég hefi uppfundið, og að minni hyggju betur hæfði, ekki einungis til gangs, en það sem áður var haft hér austanfjalls, heldur einnig til siglingar. Mér fannst það nefnilega mjög svo áriðandi að skip væru hér í brimveiðistöðvunum, hvar svo mjög er örðugt að komast út og að, svo löguð, að þau gætu gengið sem hraðast um sjóinn bæði til þess fljótt að leita fisksins og þegar á þarf að halda sem oft ber, því hér brimar margoft mjög snögglega, sem fljótast aftur til landsins.“

Lúðvík Kristjánsson sagnfræðingur lýsir þessu nýja bátalagi Steins þannig:

„Skip Steins voru stokkbyrt. Miðað við lengd og breidd voru þau grunn og hlóðust því fljótt. Skutur sjógróf sig ekki og framendinn hafði viðtök móti honum. Sökum þess að útsláttur á síðu var jafn og skipið tiltölulega mjótt í hlutfalli við lengd var það létt undir árum og seglum. Undirbyggingin að framan var með þeim hætti, að skipið lyfti sér á mikilli siglingu, kom upp við skriðið, en þrugaðist ekki niður. Sökum þess hve segl voru mikil, en skipið mjótt til endanna, hafði það feikna skrið í hæfilegum byr og gat ennfremur tekið vel nálægt vindi.“

Útgerð áraskipa

Í Árnessýslu voru áraskip gerð út frá nokkrum stöðum: Selvogi, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri og Loftstaðasandi. Útgerðin var alls staðar með líku sniði og skip, veiðarfæri og aðbúnaður sá sami.

Eyrarbakki er gömul verstöð, en útgerð var þó lítil fram á 18. öld. Blómatími útgerðar þar var á síðustu áratugum 19. aldar. Um 1870 voru gerðir út frá Eyrarbakka 19 bátar, en 69 árið 1900. Á þessu árabili var Eyrarbakki með stærri útgerðarstöðum á landinu og má áætla að 250-350 menn hafi stundað sjósókn í verstöðinni. Að auki voru margir sjómenn af Eyrarbakka á vetrarvertíð frá Þorlákshöfn í lok síðustu aldar og framan af 20. öld. Fyrst og fremst var gert út á þorskveiðar.

Það er sammerkt með öllum verstöðvum austanfjalls, að hafnleysi og ótrygg landtaka stóð þeim fyrir þrifum. En miðin voru skammt undan landi.